

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

19.4.2005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fólks-, vöru- og efnisflutninga á landi nr. 73/2001, 698. mál, farmflutningar.**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp til breytinga á gildandi lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að endurskoða gildandi lög á þessu sviði en um efni þeirra og gildissvið reis strax ágreiningur við atvinnulífið sem m.a. endaði með dómsmálum. Með þeim lagabreytingum sem lagðar eru til með þessu stjórnarfrumvarpi eru löggin gerð skýrari þannig að ágreiningur og vafi um túlkun og gildisvið laganna á ekki lengur að vera uppi.

Skýrt kemur fram í frumvarpinu og athugasemdum að allur flutningur fyrirtækja í eigin þágu fellur utan við gildissvið laganna skv. breytingatillögnum. Eftirlit með lögnum verður gert einfaldara í sniðum. Það verður á ábyrgð hagsmunaaðila, fyrirtækja og einstaklinga, sem hafa flutningastarfsemi gegn endurgjaldi að aðalstarfi, að tilkynna til eftirlitsaðila, Vegagerðarinnar um leyfislausan akstur.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins mæla með lögfestingu þessara lagabreytinga. Þær eru nauðsynlegar og í samræmi við athugasemdir SA og SI og ráðgjafanefndar Forsætisráðuneytisins um opinberar eftirlitsreglur við núgildandi lög.

Samtökin eru hins vegar ósátt við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að skila þurfi inn öllum eldri leyfum, jafnvel ný útgefnum, og sækja um ný leyfi innan 6 mánaða frá lögfestingu lagabreytinga. Slíku mun fylgja óþarfa tilkostnaður og fyrirhöfn.

Samtökin vísa að öðru leyti til umsagnar Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Þannig er eðlilegt að leyfi þurfi til reksturs sérútbúinna bifreiða til fjallaferða eða sérstakra lúxusferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en nú.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins



Jón R. Pálsson



Árni Jóhannsson